



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælisráðstefnu Sögufélags Skagfirðinga
og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga
Miðgarði í Skagafirði
7. maí 2017**

Ágætu forkólfar og félagar Sögufélags Skagfirðinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga,
aðrir góðir gestir!

„Hver einn bær á sína sögu, sigurljóð og raunabögu.“ Á þessum stað þarf ég vísast ekki að nefna hver kvað svo en nefni samt til öryggis að það gerði Matthías Jochumsson í óði sínum, „Skín við sólu Skagafjörður.“ En verði sögunni ekki haldið til haga, verði hún ekki sögð og skráð, fellur hún í gleyskunnar dá. Við fögnum því í dag að sú er sannarlega ekki raunin hér í Skagafirði.

Batnandi mönnum er best að lifa. Það má vera rannsóknarefni að ekki fer mikið fyrir Skagfirðingum í Íslendingasögum okkar. Hjalti Pálsson frá Hofi, sá afkastamikli sagnaritari, hefur bent á þá tilgátu að biskupssetrið að Hólum hafi verið of nærri, að „kirkjufedeurnir hafi talið það hégóma að segja lygisögur af heiðingjum“. Á Sturlungaöld er Skagafjörður vissulega söguvið merkra atburða og örlagaríkra en flestar frásagnir af þeim eru skráðar annars staðar.

Segja má að það sé ekki fyrr en á sautjándu og átjándu öld að Skagfirðingar fara að huga að sögu sinni. Frá þeim tíma höfum við til dæmis Skarðsárannál Björns Jónssonar lögréttumanns. Á nítjándu öld hleypur svo mikill kraftur í heimamenn hér, þeir skrásetja söguna af miklum móð og má þar til dæmis nefna þá Jón Espólín og Gísla Konráðsson. Seint verður sagt að þeir hafi þjádst af pennaleti.

Þau tímamót sem við fögnum nú urðu hins vegar á nýliðinni öld, nánar tiltekið hinn 16. apríl 1937. Þá var stofnað Sögufélag Skagfirðinga, félagsskapur um byggðasögu og þjóðlegan fróðleik. Lengi var formaður Jón Sigurðsson

alþingismaður frá Reynistað og lýsti hann því á þrjátíu ára afmæli félagsins að menn ynnu fyrir það án endurgjalds, „nema ef telja skal ánægjuna af því að vinna að þörfu og góðu málefni“. Starfið var og er öflugt. Félagið hefur gefið út fjölmörg rit og framtíðin virðist björt; óvíða er eins mikil rækt lögð við héraðs- og byggðarsögu og hér í Skagafirði.

Á stríðsárunum ákváðu Sögufélagsmenn að afrita gögn Þjóðskjalasafnsins um byggðarlagið; kirkjubækur, manntöl og fleira. Sú vinna leiddi ásamt öðru til stofnunar Héraðsskjalasafns Skagfirðinga fyrir sjötíu árum, 23. apríl 1947 og var það fyrsta safnið af því tagi hér á landi. Við höfum því tvöfalda ástæðu til að koma saman á þessu ágæta málþingi.

Kæru vinir! Ég rek ekki nánar hið öfluga starf Sögufélags Skagfirðinga. Þó verð ég að nefna sérstaklega einstakt stórvirki á vegum þess og annarra hér í sveit, Byggðasögu Skagafjarðar. Út eru komin sjö bindi af tíu og standa vonir til að þessari miklu yfirferð um bújarðir byggðarlagsins ljúki með útgáfu tíunda bindisins innan fárra ára. Þá má með sanni segja að búið verði að segja sigurljóð og raunabögu hvers eins bæjar hér.

Hjalti Pálsson er ritstjóri Byggðasögunnar og hefur lengi farið fyrir Sögufélaginu, með miklum sóma. Marga fleiri mætti nefna, sem lagt hafa því lið, en ég segi eins og skáldið á Sigurhæðum í lofgjörð sinni um Skagafjörð: „Hvern skal nefna, hróðravinir? Hvar skal byrja? Nær skal hætt?“ Í þeirri Sæluviku sem senn lýkur voru Kristmundi Bjarnasyni, fræðimanni á Sjávarborg, veitt Samfélagsverðlaun Skagafjarðar. Um árabíl var Kristmundur héraðsskjalavörður hér og landskunnur er hann fyrir fræðastörf sín auk snilli á ritað mál. Í vikunni var Hannesarskjól líka vígt. Það stendur á Nöfunum ofan Sauðárkróks, hlaðið til heiðurs Hannesi Péturssyni skáldi og er það vel til fundið. Hannes hefur lagt ríkan skerf til sögu Skagafjarðar, meðal annars með skrifum í rit Sögufélagsins en ekki síður með skáldskap sínum og endurminningum sem lýsa góðum hug til áttahaganna með dalina bláu.

Hér í sveit eru tengsl skáldskapar og fróðleiks einmitt sterk. Enn koma fjölmörg nöfn í hugann og ég nefni til dæmis þær Ólínu Jónasdóttur skáldkonu sem ritaði merkar minningarbækur og Guðrúnu frá Lundi, einn vinsælasta rithöfund Íslands fyrstu áratuginna eftir seinna stríð. Sveitasögur hennar lýsa tíðaranda og tilfinningum allt eins vel, jafnvel betur, en ströngustu fræðirit.

Ágætu ráðstefnugestir: Við þurfum einmitt þetta – blöndu skáldskapar og fræða – þegar við leitumst við að skilja það sem gerðist, reynum að lifa okkur inn í löngu liðna tíð. Við þurfum líka fræðileg vinnubrögð, rannsóknir sagnfræðinga og annarra með nýstárlegum kenningum, samanburði og ályktunum. En til jafns þurfum við að leggja rækt við þann áhuga heimafólks í hverri sveit að kunna skil á sögu sinni og uppruna.

Þetta hefur ykkur tekist, Skagfirðingar góðir. Ég óska Sögufélagi Skagfirðinga til hamingju með afmælið, og Héraðsskjalasafninu sömuleiðis. „Skín við sólu Skagafjörður“ er á sinn hátt þjóðsöngur héraðsins en líklega kyrjar fólk oftár hér um slóðir vísuna góðu, „Skála“ og syngja Skagfirðingar,“ sem Kári Jónsson frá Valadal orti við Stafnsrétt fyrir rúmum áttatíu árum, um sama leyti og menn huguðu að stofnun sögufélags. Síðan hafa liðsmenn þess látið verkin tala, byggðarlaginu til heilla og landinu öllu. Allt eins mætti því segja: „Skrá og skrifa Skagfirðingar.“ Aftur til hamingju með tímamótin, málþingið er sett.